

Samþykkt um öldungaráð Hveragerðisbæjar

1. Umboð öldungaráðs

Öldungaráð Hveragerðisbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og eftir því sem lög mæla fyrir um. Öldungaráð er skipað með formlegum hætti af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar.

2. Verksvið

Öldungaráðið skal vera bæjarstjórn Hveragerðisbæjar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Hveragerðisbæjar við eldri íbúa Hveragerðisbæjar og hagsmunasamtök þeirra. Ráðið skal leggja fram tillögur til bæjarstjórnar um mál sem varða verksvið þess. Í október byrjun ár hvert skal öldungaráð hafa frumkvæði að sameiginlegum fundi bæjarfulltrúa og fulltrúa í öldungaráði og skal formaður öldungaráðs stýra fundi.

3. Meginmarkmið:

Meginmarkmið með öldungaráði er að eldri borgarar í Hveragerði hafi vettvang þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd hennar í sveitarféluginu sem og um þróun öldrunarmála almennt og stefnumótun í málaflokknum. Notendur þjónustu verði þannig virkir þáttakendur í mótu á þeim úrræðum og þjónustu sem þeim stendur til boða.

Öldungaráð er ekki framkvæmdaaðili, heldur beitir sér fyrir að mál sem tekin eru fyrir hjá ráðinu séu framkvæmd af hálfu bæjarins.

4. Helstu verkefni öldungaráðs

- Að stuðla að heilbrigðri öldrun og sjálfstæðu lífi.
- Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
- Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfust og kynna öldruðum þá þjónustukosti sem í boði eru í bæjarféluginu.
- Að stuðla að skoðanaskiptum eldri borgara og kjörinna fulltrúa um stefnu og framkvæmd málefna eldri borgara í Hveragerði og að þeim verði framfylgt.

- Að stuðla að aukinni samstöðu milli kynslóða til að skapa samfélag fyrir alla aldurshópa.
- Að gera tillögur til bæjarstjórnar um öldrunarþjónustu.

5. Starfsreglur og starfshættir.

Nafn ráðsins er Öldungaráð Hveragerðis. Öldungaráð er skipað til fjögurra ára að loknum sveitastjórnarkosningum. Öldungaráð er launalaust.

Félag eldri borgara í Hveragerði tilnefnir þrjá fulltrúa, bæjarstjórn þrjá fulltrúa (two frá meirihluta og einn frá minnihluta) og heilsugæsla sveitarfélagsins einn.

Ráðið velur sér formann og skiptir með sér verkum. Formaður ráðsins er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum

Öldungaráð skal funda einu sinni í mánuði eða eftir þörfum. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.


Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar eftir því sem við á.

Formaður öldungaráðsins boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins.

Heimilt er að fella niður fundi Öldungaráðs í júní, júlí og ágúst.

Öldungaráð skal halda fundargerðir og senda afrit þeirra til bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar sem leggur þær fram til kynningar.

Tengiliður Öldungaráðs við Hveragerðisbæ er forstöðumaður stuðningsþjónustu og málefna aldraðra.

Hveragerði 12. september 2019

 Aldís Hafsteinsdóttir
 Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

